

Leiðbeiningar við skráningu haustskýrslu í Bústofni.

www.bustofn.is – innskráning með rafænum skilríkjum eða íslykli



Íslykill- rafræn skilríki verða að tilheyra þeim aðila sem skráður er fyrir búrekstrinum/bústofninum

1. Skrá bústofn

Þegar komið inn í valmyndina þarf að byrja á því að skrá bústofn miðað við fjölda við skil.

- **Nautgripir.** Upplýsingar um fjölda nautgripa er hægt að sækja beint úr Huppunni og skrá í viðeigandi reiti.
- **Sauðfé/geitur.** Upplýsingar um fjölda sauðfjár/geitfjár er hægt að sækja beint úr Fjávís/Heiðrónu og skrá í viðeigandi reiti. Við skráningu á sauðfé/geitum verður að velja bæjarnúmer. Þarna þarf að passa sig á því að ef haustgögnum hefur ekki verið skilað er fjöldi sauðfjár/geitfjár líklega ekki réttur (ef t.d. sláturlömb/kið eru enn á „lífi“ í Fjávís/Heiðrónu).
- **Hross.** Fjöldi hrossa er hægt að sækja beint úr WorldFeng. Þarna er ekki hægt að breyta fjölda hrossa en þó er hægt að skrá í sérstakan reit þann fjölda folalda sem er á lífi og óskráður við skil á skýrslunni. Til að lagfæra fjölda hrossa, þarf að gera það í WorldFeng.
- **Alifuglar, svín, loðdýr.** Annan bústofn (alifugla, svín og loðdýr) þarf að skrá beint inn í Bústofn.

Á skýrslunni er liður sem heitir „Búfé annarra“.

Þarna er átt við t.d. hross sem eru í eigu annarra en eru staðsett á land hjá skilaaðila. Þessi hross koma ekki fram í fjöldatölu um búfé heldur eru þau tilgreind sérstaklega og reiknast í fóðurþörfinni.

2. Skrá fóður

Upplýsingar um fóður er hægt að sækja beint úr Jörð og/eða skrá í viðeigandi reiti.

3. Skrá landstærðir

Upplýsingar þarf að slá inn handvirkt, ekki hægt að sækja úr Jörð.

4. Skila

Í lokin er svo skilað og þá er komið inn á síðustu skráningarmyndina. Þarna er yfirlit yfir þær skráningar sem þegar hafa verið gerðar. Úr þessari valmynd er hægt að fara til baka og lagfæra/breyta ef þarf. Netfang þarf að vera skráð neðst á síðunni þegar skýrslan er orðin tilbúin er valið neðst að „Skila haustskýrslu“

[Skila haustskýrslu](#)

Starfsmenn RML geta aðstoðað við að breyta skýrslu sem hefur áður verið skilað. Einnig er möguleiki á að senda inn leiðréttingarbeiðni beint í gegnum Bústofn. Leiðréttingarbeiðnin fer til ANR sem breytir skýrslunni samkv. beiðni.

Þeir sem ekki hafa tök á að skila sínu skýrsluhaldi sjálfir í gegnum Bústofn, geta fengið til þess aðstoð hjá starfsfólki RML. Fyrir slíka þjónustu er innheimt samkv. verðskrá RML – sjá nánar hér:

<https://www.rml.is/is/um-okkur/innheimta-og-verdskra/gjaldskra>